DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2878 Síðan 1968 59. árgangur

Fimmtudagur 12. nóvember 2026

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss

EKKO teymi FSu hlaut hvatningarverðlaun á degi gegn einelti



Forseti Íslands Halla Tómasdóttir ásamt vinningshöfunum Höllu Dröfn Jónsdóttur, Agnesi Ósk Snorradóttur, Önnu Fríðu Bjarnadóttur og Bjarneyju Sif Ægisdóttur. Ljósmyndari: Ívar Sæland.

EKKO teymi Fjölbrautaskóla Suðurlands hlaut hvatningarverðlaun á Degi gegn einelti 2026 fyrir metnaðarfullt og faglegt forvarnarstarf gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Halla Tómasdóttir forseti Íslands afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Hlíðaskóla í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember sl.

Undanfarin tvö ár hefur EKKO teymið unnið markvisst að því að efla forvarnir, fræða starfsfólk og tryggja nemendum aðgengi að stuðningi. Dómnefnd lagði meðal annars áherslu á hvernig teymið hefur virkjað nemendur og starfsfólk til þátttöku og skapað sameiginlega ábyrgð á jákvæðum samskiptum og öruggu skólaumhverfi.

Sérstaklega var verkefnið *Jákvæður nóvember* og útgáfa EKKO upplýsingabæklingsins nefnd sem dæmi um skapandi forvarnarstarf þar sem rödd nemenda fær að njóta sín.

EKKO teymið skipa Halla Dröfn Jónsdóttir skólafélagsráðgjafi FSu, Agnes Ósk Snorradóttir námsráðgjafi FSu, Anna Fríða Bjarnadóttir námsráðgjafi FSu og Bjarney Sif Ægisdóttir námsráðgjafi FSu. Við móttöku verðlaunanna lögðu þær áherslu á að forvarnastarf væri sameiginlegt verkefni alls skólasamfélagsins og þökkuðu nemendum sérstaklega fyrir þeirra framlag.



Þórunn Hafdís sigraði söngkeppni NFSU

Þórunn Hafdís Stefánsdóttir bar sigur úr býtum á Söngkeppni NFSU sem fór fram í Iðu 4. nóvember sl. Þórunn sigraði með laginu „Ég veit þú kemur“ með hljómsveitinni Trúbrot. Þórunn hefur því tryggt sér sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fer fram næsta vor og keppir hún fyrir hönd FSu.

Alls tóku tólf atriði þátt í keppninni með mikilli prýði. Í öðru sæti varð Bryndís Embla Einarsdóttir og Arnar Logi Hafsteinsson í því þriðja. Einnig voru veitt verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið en þau hlaut Heimir Karl Rafnsson.

Líkt og í fyrra lék hljómsveitin Koppafeiti undir hjá öllum keppendum. Þétt var setið í Iðu og stemningin var frábær. Kvöldið hófst á stuttmynd þar sem hver leiksigurinn á fætur öðrum leit dagsins ljós. Manúela Maggý flutti sigurlagið í fyrra og hljómsveitin Bíddu flutti nokkur lög á meðan dómarar réðu ráðum sínum. Það var kvikmyndaþema í ár og báru skreytingar þess glöggt merki.



Þórunn Hafdís Stefánsdóttir bar sigur úr býtum á Söngkeppni NFSU. Mynd: Aðsend.







AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. **Syðri-Brú L168277; Úr frístundasvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2603066**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. október 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í afmörkun þriggja svæða fyrir verslun og þjónustu; tveggja svæða í landi Syðri-Brúar og eins í landi Hæðarenda. Allir reitirnir eru í nágrenni frístundabyggða, en landeigendur hafa í huga að byggja þar þyrpingar gistiskála til útleigu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. **Ásmundarstaðir 1 25 L187658; skilgreindar nýjar lóðir; Deiliskipulag - 2607024**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Ásmundarstaði 1 og 3 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst stofnun tveggja nýrra íbúðarlóða þar sem heimilt verður að byggja allt að þrjú hús á hvorri lóð.

3. **Langholt 2 L166249; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag – 2601071**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Langholt 2 sunnan Oddgeirshólavegar í Flóahreppi. Deiliskipulagið tekur til um 18,53 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir að stofna sex lóðir fyrir íbúðarhús og tengd mannvirki, meðal annars vegna áhugabúskapar. Aðkoma að lóðunum verður frá Oddgeirshólavegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.
Mál 1. – 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 12.11.2026 með athugasemdarfresti til og með 25.12.2026.
Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.
Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Sleipnir heiðraði afreksfólk ársins 2026 á uppskeruhátíð félagsins

Hestamannafélagið Sleipnir hélt uppskeruhátíð eldri flokka í félagsheimilinu Hliðskjálf laugardaginn 7. nóvember þar sem árangur félagsmanna á árinu 2026 var heiðraður.

Viðurkenningar fyrir stigahæstu knapa félagsins í hringvallargreinum komu í hlut Glódísar Rúnar Sigurðardóttur, sem var valin íþróttaknapi ársins, og Guðmundu Ellenar Sigurðardóttur, sem hlaut titilinn gæðingaknapi ársins eftir afar gott keppnistímabil.

Veittar voru viðurkenningar fyrir bestu tíma í skeiðgreinum:
100 m skeið: Sigursteinn Sumarliðason og Liðsauki frá Áskoti 7,64 sek
150 m skeið Larissa Silja Werner og Hylur frá Kjarri 14,93 sek
250 m skeið Páll Bragi Hólmarsson og Snjall frá Austurkoti 22,35 sek - Páll Bragi hlaut jafnframt viðurkenningu fyrir Íslandsmeistaratitil í greininni.

Einnig voru veitt verðlaun til knapa ársins í ungmenna- og áhugamannaflokki. Þar hlutu viðurkenningar Viktor Óli Helgason sem knapi ársins í ungmennaflokki og Þórdís Sigurðardóttir knapi ársins í áhugamannaflokki.

Á sviði ræktunar var sérstakur árangur Sleipnisfélaga heiðraður. Ræktendur hryssunnar Hugsýnar frá Ketilsstöðum, Bergur Jónsson og Olil Amble, fengu viðurkenningu fyrir heimsmetshryssuna sem varð hæst dæmda hryssa frá upphafi kynbótadóma. Þá hlaut Malin Widarsson Ræktunarbikar Sleipnis fyrir stóðhestinn Safír frá Laugardælum sem hlaut hæstu aðaleinkunn sem íslenskur hestur hefur fengið í kynbótadómi.

Sleipnisskjöldurinn, ein merkasta viðurkenning félagsins, kom að þessu sinni í hlut gæðingsins Ýrar frá Selfossi eftir sigur í A-flokki á gæðingamóti Sleipnis. Klárhestaskjöldur Sleipnis var afhentur fyrir Þröst frá Kolsholti 2 sem sigraði B-flokk gæðinga á gæðingamóti félagsins.

Á uppskeruhátíðinni voru einnig heiðraðir félagsmenn ársins 2026. Viðurkenningin kom í hlut Jóns Þórs Tómassonar og Bryndísar Guðmundsdóttur fyrir ómetanlegt framlag þeirra til félagsstarfs, uppbyggingar og sjálfboðaliðastarfa innan Sleipnis.

Sérstök athygli vakti að sjö knapar úr röðum Sleipnis voru valdir í landsliðsverkefni Íslands fyrir Heimsmeistaramótið 2027, sem undirstrikar þann sterka árangur sem félagið hefur náð á undanförnum árum. Í tilefni þess ákvað stjórn Sleipnis að veita þeim styrki úr Afrekssjóði félagsins:

U-21:
Elsa Kristín Grétarsdóttir
Loftur Breki Hauksson
A-Landslið
Glódís Rún Sigurðardóttir
Guðmunda Ellen Sigurðardóttir
Haukur Baldvinsson
Védís Huld Sigurðardóttir
Sigursteinn Sumarliðason







Loftur Breki Hauksson valinn Knapi ársins hjá Sleipni

Hápunktur kvöldsins var útnefning Lofts Breka Haukssonar sem Knapa ársins hjá Hestamannafélaginu Sleipni árið 2026. Viðurkenningin er veitt þeim knapa sem stendur efstur í samanlögðum stigaútreikningi félagsins yfir keppnistímabilið og þótti árangur hans á árinu vera einstakur.

Loftur Breki Hauksson átti afar glæsilegt keppnisár. Hann varð Íslandsmeistari í T1 unglingaflokki með Fylkingu frá Austurási, sigraði T1 í Meistaradeild Líflands og æskunnar og vann einnig T1 unglingaflokk á Reykjavíkurmeistaramótinu. Á Landsmóti hestamanna vann hann til silfurverðlauna í sterku unglingaflokki með Fannari frá Blönduósi og bætti enn við verðlaunasafnið með silfri í fimmgangi og bronsi í gæðingaskeiði á Íslandsmeistaramóti barna og unglinga.

Sérstaka athygli vakti að þetta var ekki aðeins árangursríkasta ár hans til þessa, heldur dugði stigasöfnun hans til að verða stigahæstur allra knapa félagsins, óháð aldri og keppnisflokki.

Í rökstuðningi Sleipnis kom jafnframt fram að Loftur Breki Hauksson væri ekki aðeins framúrskarandi keppnisknapi heldur einnig fyrirmynd innan félagsins. Hann hafi sýnt hestum sínum og íþróttinni virðingu, verið kurteis, stundvís og komið fram af prúðmennsku bæði innan vallar og utan. Þeir eiginleikar, samhliða glæsilegum árangri, hafi gert hann að verðskulduðum handhafa titilsins Knapi ársins 2026.

Þrátt fyrir ungan aldur er Loftur Breki Hauksson þegar orðinn einn fremsti knapi félagsins og framtíð hans í hestamennsku talin afar björt. Val hans sem Knapa ársins er því ekki aðeins viðurkenning fyrir afrek ársins 2026 heldur einnig staðfesting á þeirri sterku stöðu sem hann hefur þegar skapað sér innan íslenskrar hestamennsku.

Arion



Við leitum að svæðisstjóra fyrirtækja á Suðurlandi

Nánari upplýsingar má finna á Arion.is/starf

Sex verkefni á Suðurlandi fengu 1,8 milljónir úr Hvatasjóði

Sex verkefni íþróttafélaga á Suðurlandi fengu úthlutað samtals 1,8 milljónum króna úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar í síðustu viku. Helmingur verkefnanna er í Vestmannaeyjum.

Hæstu styrkirnir á Suðurlandi voru 400 þúsund krónur. Þá hlutu Fimleikafélagið Rán fyrir verkefnið Fimleikar til framtíðar og Skotfélag Vestmannaeyja fyrir kynningarnámskeið í skotfimi fyrir börn og ungmenni. Sundfélag ÍBV hlaut 250 þúsund krónur fyrir verkefnið Öll í sund.

Tvö verkefni í Skaftárhreppi hlutu 250 þúsund krónur hvort. Hestamannafélagið Kópur fékk styrk til að kynna hestinn og hestamennsku fyrir börnum og ungmennum í sveitarfélaginu og Ungmennafélagið Ás fyrir handboltadaga. Þá hlaut Hestamannafélagið Sindri 250 þúsund krónur fyrir æskulýðsstarf í hestamennsku.



Guðlaugur Arnarsson, verkefnastjóri svæðisstöðva íþróttahéraðanna. Mynd: Aðsend.

57 verkefni fengu 26 milljónir

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar úthlutaði samtals 26 milljónum króna til 57 verkefna um allt land. Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að útbreiðslu íþróttastarfs og auka þátttöku barna og ungmenna. Sérstök áhersla er á verkefni sem tengjast börnum með fötlun, börnum frá tekjulægri heimilum og börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Sjóðurinn er á vegum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis. Hann tók til starfa í lok árs 2024 og alla jafna hafa verið veittir styrkir úr honum þrisvar sinnum á ári. Þetta er önnur úthlutun ársins úr sjóðnum. Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að útbreiðslu íþróttastarfs og auka þátttöku barna og ungmenna. Sérstök áhersla er á verkefni sem tengjast börnum með fötlun, börnum frá tekjulægri heimilum og börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Í Hvatasjóðinn geta sótt íþróttahéruð ÍSÍ og UMFÍ, íþróttafélög og deildir innan ÍSÍ og UMFÍ og sérsambönd í samstarfi við íþróttahéruð, félög eða deildir félaga.

Meiri upplýsingar um Hvatasjóðinn má finna á vefsvæði Svæðisstöðva íþróttahéraðanna: https://www.siu.is/hvatasjodur.

Gefðu persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**, **myndabækur** og pantað **ljósmyndir**



prentmet Oddi
umbúðir og prentun

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Geislahjúpinn gildan tel,
gera klárt í ræði.
Úti löngum viðrar vel,
vítispúkinn skæði.

Svar við gátu í blaði 2877: **KLÍPA**
1. **Klípa**, er vinsælt viðbit - 2. Að lenda í **klípu**
3. Að **klípa** einhvern - 4. Smjör**klípa**, örlítið af smjöri

Sunnlenski matgæðingurinn

Parma spaghettí að hætti Kristófers Loga

Matgæðingur vikunnar er Kristófer Logi Jóhannson.



Ég vil byrja á því að þakka Eiði fyrir að veita mér tækifæri til að koma einni af mínum uppskriftum á framfæri. Þó ég hafi gaman af því að hafa mikið fyrir minni matargerð ætla ég að grípa til einfaldrar pastauppskriftar sem ég nýti mér gjarnan þegar ég hef stuttan tíma til að græja mat.

Parma spaghettí að hætti Kristófers Loga

Spagetti Rummo 400 grömm
Parmaskinka 200 grömm
Parmesanostur
Góð ólífuolía
Chiafræ

Mér finnst alltaf gott að byrja á að finna til öll innihaldsefni áður en ég hef eldamennskuna, en þegar því er lokið rífur maður eða sker parmaskinkuna niður í smærri einingar eða hverja sneið í um það bil 5-6 hluta.

Samhliða þessu hef ég alltaf suðu á spaghettíinu samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu. Að því loknu hitar maður pönnu og steikir skinkuna upp úr góðri ólífuolíu þangað til skinkan er orðin stökk.

Þegar líður undir lok suðutímans á spaghettíinu er gott að fleyta einum bolla ofan af pastavatninu og taka til hliðar. Á meðan á steikingunni og suðunni stendur ríf ég niður einn bolla af parmesanosti.

Þegar parmaskinkan er tilbúin tek ég hana af pönnunni og legg til hliðar. Að loknum suðutímanum á spaghettíinu sigta ég vatnið af pastanu og set það á pönnuna með smá ólífuolíu án þess að þrífa pönnuna á milli en við erum að sækjast eftir bragðinu af skinkunni í pastað.

Þá set ég parmesanostinn út á spaghettíið og bræði hann með pastavatninu en passa að nota ekki of mikið af því, við viljum að þetta verði creamy.

Að lokum pipra ég svo létt yfir þetta og blanda skinkunni saman við. Ég ber þetta svo fram með parmesanosti og chiafræjum sem hver og einn getur toppað réttinn með eftir eigin smekk en chiafræin eru alger lykill til að gefa réttinum smá bit með mjúku pastanu.

Ef ég kýs að bjóða upp á þennan rétt um helgar þá býð ég gjarnan upp á gott rauðvín með þessu.

Mig langar að skora á vin minn Sigurð Örn Eiðsson en hann er matgæðingur af gamla skólanum sem lumar á ófáum sælkera-uppskriftum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



UMRÆÐUM LOKIÐ

Englar sauma föt handa líkkistunum
og erfingjarnir telja það sem þeir áttu aldrei.

Leiðtogar tala hljóðalaust
og fólk er hætt að trúa orðum þeirra.

Sárin verða dýpri
og skömmin er grafin með hinum látnu.

Kechida ABDELKADIR, ALsír
úr "The Time of Burning Cold"
Þór Stefánsson þýddi

SÖLUSTJÓRI FAGAÐILA

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum einstaklingi til að sinna starfi sölustjóra fagaðila í Verslun BYKO á Selfossi.

Ef þú ert framsækinn og faglegur einstaklingur með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirfylgni með söluteymi og árangri þess
- Sala, þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina ásamt tilboðsgerð
- Eftirfylgni með tilboðum og pöntunum frá upphafi til afhendingar
- Viðhalda góðu sambandi við viðskiptavini
- Ábyrgð á sölusókn verslunar og öflun nýrra viðskiptavina
- Skipulagning og þátttaka í söluferðum/heimsóknum á starfssvæði
- Önnur tilfallandi störf

Við leitum að einstaklingi með

- Metnaði fyrir að veita framúrskarandi sölu- og þjónustuupplifun til viðskiptavina
- Þekkingu á byggingaefni og reynsla af sölustarfi er kostur
- Menntun sem nýtist í starfi - iðnmenntun kostur
- Góða tölvukunnáttu og kostur að hafa þekkingu eða reynslu af CRM
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Samviskusemi, skipulögð og ögguð vinnubrögð
- Íslensku- og enskukunnáttu - skilyrði

BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavinar í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði.

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

UMSÓKNARFRESTUR: **15.11.2026** SÓTT ER UM Á **MOGNUM.IS**

Nánari upplýsingar veita:
Sigríður Ólafsdóttir I sigga@mognum.is
Telma Eiðsdóttir I telma@mognum.is

MÖGNUM



Hrísmýri 2a · **800 Selfoss** · carglass@carglass-iceland.is · 530 9100 · www.carglass-iceland.is

Rafmagnað dúó í Bókakaffinu á Selfossi

Laugardaginn 14. nóvember kl. 16:30 mun dúóið Harp & Arp vera með tónlistarspuna í Bókakaffinu á Selfossi. Harp & Arp er hugarfóstur hörpuleikarans Katie Buckley og hljóðgervlaleikarans Jesper Pedersen. Saman flytja þau tónlistina á hljóðbreytta hörpu og hljóðgervil. Tónlist Harp & Arp verður til á staðnum, í djúpstæðu samtali milli flytjendanna tveggja. Útkoman er tónlist sem fellur undir ambient-stefnuna, þar sem áhersla er bæði lögð á tónræna byggingu og óhlutbundin ferðalög um heim hljóða og hljóðáferða. Harp & Arp gaf út stuttskífuna The Shortest Day árið 2021 og vinnur nú að breiðskífu. Við lofum ljúfri og rafmagnaðri stemmningu á þessum tónleikum. Aðgangur er ókeypis. Öll velkomin.



OK heldur Tæknidag á Selfossi 12. nóvember

OK heldur Tæknidag í Tryggvaskála á Selfossi fimmtudaginn 12. nóvember undir yfirskriftinni „OK á Suðurlandi – Tæknidagurinn 2026“.

Viðburðurinn er ætlaður fyrirtækjum og stofnunum á Suðurlandi og verður farið yfir ýmis mál sem eru ofarlega á baugi í tækninni um þessar mundir. Sérfræðingar OK fjalla meðal annars um gervigreind í fartölvum, hljóð- og myndlausnir, netbúnað, Microsoft 365 og öryggi.

Meðal erinda á dagskrá eru „Gervigreind í fartölvum – hvað er raunverulega hægt að gera?“, „Er netbúnaður þinn mikilvægasti búnaður?“ og „Microsoft 365 á tímum gervigreindar – hvað þarf að vera í lagi?“. Arnar S. Gunnarsson, öryggisstjóri OK, fjallar jafnframt um hvers vegna öryggi er undirstaða í rekstri fyrirtækja og stofnana.

Gunnar Zoëga, forstjóri OK, verður fundarstjóri.

Húsið opnar kl. 16:30 og dagskrá hefst kl. 17:00. Að erindum loknum tekur við matur, drykkur og spjall í Tryggvaskála.

Skráning er nauðsynleg og sætafjöldi takmarkaður.

Nánari upplýsingar og skráning: https://www.ok.is/events/taeknidagurinn-2026-selfoss/



Árlegi jólamarkaður Myndlistarfélags Árnessýslu

verður haldin dagana 19 nóvember frá 18-21 og 21 og 22 nóvember frá 13-17 í Sandvíkursetri. Þú getur fundið fjölbreytta list við allra hæfi sem hentar vel í jólagjafir og fengið þér heitt kakó og kanelsnúð. Gengið er inn austan megin á móts við Landsbankann.

Hlökkum til að sjá ykkur.

MYNDLISTARFÉLAG ÁRNESSÝSLU

Milljarðaálögur á óskrifaðan reikning



Sex til sjö milljarðar króna á ári. Það er upphæðin sem ríkisstjórnin hyggst innheimta með náttúru- og innviðagjaldi við Þingvelli, Geysi, Gullfoss og hvergi annarsstaðar á landinu. Þrír staðir á Gullna hringnum eiga einir þannig að standa undir nýrri tekjuöflun ríkissjóðs af stærðargráðu sem kallar á vandaðan undirbúning og skýrar forsendur. Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra ber pólitíska ábyrgð á þessum áformum.

En hvar er heildstæða áhrifamatið? Hvar eru útreikningarnir sem sýna hvað gjaldtakan gerir eftirspurn, rekstri fyrirtækja, störfum og tekjum sveitarfélaga? Hvar er matið á því hvort auknar tekjur af nýjum skatti geti að hluta tapast annars staðar?

Á meðan ráðherrann leggur ekki slík gögn á borðið stendur eftir alvarlegur brestur í undirbúningi málsins. Að boða milljarðaálögur á afmarkað svæði án þess að sýna fram á afleiðingarnar er ófaglegt. Að ætlast síðan til þess að fyrirtæki og sveitarfélög sætti sig við óvissuna er óboðlegt.

Tekjuáætlun er ekki áhrifamat

Það er hægt að margfalda áætlaðan gestafjölda með fyrirhuguðu gjaldi og fá glæsilega tölu í ríkisreikningnum. Sú reikningsæfing svarar hins vegar ekki mikilvægustu spurningunni: Hvernig bregst fólk við hærra verði?

Ferðamenn hafa val. Þeir geta breytt ferðaáætlun, sleppt viðkomustöðum eða dregið úr öðrum útgjöldum. Hversu mikil þau viðbrögð verða þarf að rannsaka. Ekki afgreiða með bjartsýni ráðherra.

Gullni hringurinn er jafnframt meira en þrír áfangastaðir á korti. Hann tengir saman gistingu, veitingarekstur, afþreyingu, verslun og þjónustu. Þar hefur fólk lagt sparnað sinn, vinnu og framtíðaráform undir. Áhrif gjaldtöku við náttúruperlurnar geta því borist langt út fyrir mörk innheimtusvæðanna.

Í samráðsferlinu hafa fyrirtæki, sveitarfélög og samtök kallað eftir heildstæðara mati á afleiðingunum. Slíkar athugasemdir kalla á efnisleg svör og gögn.

Ríkisstjórnin getur ekki látið samfélög á Suðurlandi bera áhættuna af forsendum sem hún hefur ekki sýnt fram á að standist. Það er auðvelt að ráðstafa væntum tekjum annarra. Ábyrgðin byrjar á því að kanna hvað tekjuöflunin kostar.

Hanna Katrín verður að leggja spilin á borðið

Hanna Katrín þarf að svara einfaldri kröfu: Leggðu fram heildstætt, opinbert áhrifamat áður en málið fer lengra. Þar þarf að greina mismunandi sviðsmyndir um eftirspurn, samkeppnishæfni, atvinnu, byggðaþróun og heildartekjur hins opinbera.

Sérstaklega þarf að skýra hvers vegna réttlætanlegt sé að hefja þessa tekjuöflun á svo þröngt afmörkuðu svæði. Fyrirheit um að fleiri staðir bætist síðar við svara ekki spurningunni um áhrif fyrstu skrefanna.

Enginn gerir lítið úr þörfinni fyrir náttúruvernd og góða innviði. En göfug markmið veita ráðherra ekki undanþágu frá faglegum vinnubrögðum. Nafnið á gjaldinu leysir hana heldur ekki undan því að rannsaka efnahagslegar afleiðingar þess.

Samráð á að geta breytt niðurstöðu. Það má ekki verða formsatriði utan um tekjuöflun sem þegar hefur verið ákveðin.

Hanna Katrín verður því að stöðva framgang málsins þar til forsendurnar hafa verið rannsakaðar og niðurstöðurnar birtar. Sex til sjö milljarða gjaldtaka krefst meira en pólitísks vilja. Hún krefst þekkingar, rökstuðnings og ábyrgðar. Suðurland á heimtingu á því að heimavinnan sé unnin áður en reikningurinn er sendur.

Helgi Kjartansson
Guðmundur Finnbogason
Jón Bjarnason
Haraldur Þór Jónsson

Hrun í Holtsnúp - Hvað er til úrbóta?

Þann 5. nóv. sl. varð grjóthrun í Holtsnúp undir Eyjafjöllum. Grjótið kom úr efstu klettum fjallsins og valt niður bratta Hellnahólsskriðu, gegnum nýgerðan varnargarð og endaði á þjóðveginum. Annar stór steinn fór yfir garðinn og lenti í vegkantinum. Mikið af smærri steinum valt víðs vegar niður skriðuna. Þessi atburður sýnir að sk. varnargarður er til einskis og veitir aðeins falskt öryggi. Þarna hefur hrunið frá ómunatíð en með aukinni umferð verður meira vart við þetta og hættan á slysum eykst. Má velta því fyrir sér að malartakan úr Holtsnúp sé farin að hafa áhrif á hröpin á fleiri en einn hátt. Malartaka neðst í skriðunni hlýtur að hafa áhrif alla leið upp. Þar að auki má geta þess að uppi í skriðunni var grastó. Var sú trú ríkjandi að þar væri nytjaland huldufólks og þótti það til merkis að aldrei fannst steinvala inni á þessari grastó.

Nú er svo komið að með malartökunni er þessi grastó hrunin og horfin. Það var grafið undan henni. Lengi hefur verið álitið að huldufólk hefni þess sem gert er á hlut þess.

Eina ráðið við því að forðast hrun á veginn er að færa hann fjær fjallinu. Mætti hugsa sér að hafa dýpra svæði meðfram honum fjallsmegin til að grípa hrun. Þá þyrfti e.t.v. ekki að fara mikið á mýrlendi með veginn sem aðilar hjá Vegagerðinni virðast setja fyrir sig. Það mætti leggja nýjan veg neðan við hættusvæðið sem tengdist núverandi vegi ofan við Arnarhól. Það mætti bíða með að leggja veginn sunnan við hann þar til hækkar í sjóðum Vegagerðarinnar.

Hvaða leið sem verður valin til úrbóta má það ekki dragast.

Vigfús Andrésson
Berjanesi Eyjafjöllum







HÚSASMIÐJAN blómaval

HÚSASMIÐJU DAGAR

Miðvikudag til laugardags

Á SELFOSSI



Jólablaðið er komið út

Nánast allar vörur á tilboði á Húsasmiðju-dögum

Gildir einnig á husa.is

25%

afsláttur

11.-15. nóvember

Seríur og jólaljós • Aðventuljós • Gluggaljós • Jólapappír og borðar • Gervijólatré
Jólaskraut • Allt á jólatréð • Jólastyttur • Jólasveinar • Grenilengjur
Allt á aðventukransinn og jólaskreytingarnar • Pottaplöntur • Dúkar og servíettur
Kerti, kertastjakar og bakkar • Blöndunartæki (Grohe, Ferro, Damixa)
Rafmagnsverkfæri (Black+Decker, Milwaukee, Makita, Worx, DeWalt) **• LADY málning • LADY lakk**
Perur og ljós (Gildir ekki af HUE og WiZ) **• Salerni og handlaugar • Smáraftæki • Eldhúsvaskar**
Parket • Flísar • Búsáhöld • Pottar og pönnur • Diskar, glös, bollar og matarstell
Bökunarvörur • Hreingerningarvörur ... og margt fleira

Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

Hvað er hægt að gera í fjármálum Hveragerðis?

Þegar ég las að Hveragerðisbær hefði átt um hundrað þúsund krónur í lausafé í lok maí staldraði ég við. Bærinn var þá þegar farinn að reiða sig á yfirdráttarheimildir til að greiða reikninga.

Ég bý í Hveragerði og starfa sem fjármálastjóri. Lestur uppgjöra og rekstrartalna er hluti af mínu daglega starfi og mér fannst því eðlilegt að fara yfir ársreikning bæjarins fyrir 2025, árshlutauppgjörið sem KPMG vann í sumar og fundargerðir haustsins. Markmiðið var að skilja hvað fór úrskeiðis og hvaða leiðir eru færar.

Tilgangurinn er ekki að kenna einum flokki um. Svona staða verður ekki til á einu kjörtímabili og hún verður ekki leyst af einum meirihluta. Ég tel hins vegar að það styrki umræðuna á íbúafundinum 16. nóvember ef fleiri hafa tölurnar fyrir framan sig.

Hvað gerðist?

Fjárhagsáætlun ársins 2026 gerði ráð fyrir 500 milljóna króna afgangi. Nú er spáð um 318 milljóna króna halla. Það munar um 818 milljónum á einu ári, í bæ með rúmlega 3.300 íbúa.

Stærsta einstaka skýringin er sú að áætlunin byggði á tekjum sem komu aldrei. Gert var ráð fyrir um milljarði króna í tekjum af lóðum og uppbyggingu á árinu. Í lok maí höfðu 17 milljónir skilað sér, undir tveimur prósentum. Framkvæmdirnar héldu samt áfram eins og peningarnir væru á leiðinni og fóru auk þess 211 milljónir fram úr áætlun.

Þetta er þekkt áhætta í áætlanagerð. Tekjur sem eru líklegar en óinnheimtar eru áætlun en ekki fjármagn, og á þeim er ekki hægt að byggja íþróttahús og fráveitu.

Kostnaðurinn óx hraðar en bærinn

Tekjuhliðin skýrir þó ekki stöðuna ein og sér. Á milli áranna 2024 og 2025 fjölgaði íbúum Hveragerðis um 44, eða 1,3%. Á sama tíma fjölgaði stöðugildum hjá bænum úr 225 í 244. Launakostnaður hækkaði um 15,6%, úr 2.857 milljónum í 3.303 milljónir, en tekjurnar um 11,2%. Laun eru nú um 53,5% af öllum rekstrartekjum bæjarins.

Þetta þýðir ekki að störfin séu óþörf. Mörg þeirra eru í skólum og leikskólum og kjarasamningar kennara hafa hækkað launin verulega. Þegar stöðugildum fjölgar sex sinnum hraðar en íbúum er þróunin hins vegar ekki sjálfbær til lengdar.

Fræðslumálin eru langstærsti liðurinn. Nettókostnaður við skóla og leikskóla var 2.440 milljónir árið 2025. Það eru um 730 þúsund krónur á hvern íbúa og um helmingur allra skatttekna bæjarins. Hækkunin frá fyrra ári var 430 milljónir, meira en allur afgangur bæjarins það árið, sem var um 100 milljónir.

Við þetta bætist fjármagnskostnaðurinn. Vextir og verðbætur voru 465 milljónir árið 2025 og spáð er að fjármagnsliðir verði um 674 milljónir í ár. Leiguskuldir bæjarins fóru úr 261 milljón í 1.347 milljónir á einu ári og þær eru verðtryggðar. Veltufé frá rekstri, 478 milljónir, dugar ekki fyrir þeim um 560 milljónum sem þarf að greiða af lánum á næsta ári.

Grunnurinn er traustur

Grunnstoðirnar eru hins vegar traustar. Útsvar, fasteignaskattur og framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu um 9% á milli ára og hafa á þessu ári skilað meiru en gert var ráð fyrir. Skuldaviðmiðið var 126% í árslok 2025, undir 150% hámarkinu sem lög setja. Eftirspurn eftir búsetu í bænum er mikil og tekjurnar eru til staðar. Vandinn er að kostnaður og framkvæmdir hafa vaxið hraðar en þær.

Tillögur að aðgerðum

Fyrsta skrefið væri að stöðva nýráðningar, nema í störf sem lög krefjast, án þess að grípa til uppsagna. Á stórum vinnustað lætur ávallt hluti starfsfólks af störfum ár hvert og sé ekki ráðið aftur í öll þau störf lækkar kostnaðurinn smám saman. Hvert stöðugildi kostar bæinn um 13,5 milljónir á ári. Fimm til fimmtán færri stöðugildi spara því 70 til 200 milljónir.

Næst þarf að greina nákvæmlega hvert þessar 430 milljónir í fræðslumálum fóru. Var það kjarasamningurinn einn, eða líka fleiri stöðugildi, meiri stuðningur, lengri opnunartími eða afleysingar? Án þeirrar sundurliðunar er erfitt að taka skynsamlegar ákvarðanir. Að mínu mati mætti þar ná 50 til 120 milljónum án þess að börnin finni fyrir því, til dæmis með sveigjanlegri vistun í leikskólum og betri samræmingu skóladagatals og frístundar.

Annar rekstrarkostnaður bæjarins, allt frá ræstingum og akstri til tölvukerfa og orku, var 1.917 milljónir. Vönduð útboð skila oft 3 til 5 prósenta sparnaði, sem hér væru 58 til 96 milljónir. Bærinn gæti líka boðið út í samvinnu við Árborg og Ölfus og samið við nágrannana um sameiginlegan rekstur á því sem allir þurfa, svo sem byggingarfulltrúa, launavinnslu og tölvuþjónustu. Það gæti sparað 20 til 50 milljónir í viðbót.

Fjármögnunin skiptir líka máli. Yfirdráttur er dýrasta lánsfé sem til er og fyrsta verkið ætti að vera að losna við hann. Lántökur þarf að tímasetja eftir sjóðstreymi og skoða hvort hægt sé að endurfjármagna til lengri tíma. Ég myndi líka fara vandlega yfir leigusamningana upp á 1.347 milljónir og kanna hvort hagstæðara væri að kaupa eða semja upp á nýtt. Ef bærinn á land eða húsnæði sem nýtist ekki í kjarnastarfseminni má selja það og greiða niður dýrustu lánin.

Samanlagt gætu þessi fyrstu skref lækkað kostnað um 220 til 515 milljónir á ári. Það er gróft mat út frá opinberum tölum, en það ætti að duga til að snúa hallanum við á einu til tveimur árum.

Og til framtíðar

Mikilvægasta breytingin snýr þó að vinnubrögðum. Tekjur af lóðum ættu ekki að fara inn í áætlun fyrr en lóðinni hefur verið úthlutað og hún greidd, og framkvæmdir ættu ekki að hefjast fyrr en peningarnir eru komnir. Jafnframt væri æskilegt að bæjarráð færi yfir frávik frá áætlun í hverjum mánuði og fylgdist með sjóðstreymi vikulega þangað til staðan hefur lagast.

Það mætti líka setja mælanleg markmið í fjárhagsáætlun 2027: að launahlutfallið fari undir 52%, að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum og að bærinn sé ekki á yfirdrætti um áramót. Einnig væri gagnlegt að bera kostnað á hvern íbúa reglulega saman við sambærileg sveitarfélög eins og Ölfus, Árborg og Voga.

Á tekjuhliðinni er skynsamlegast að hraða úthlutun lóða sem eru tilbúnar og ganga úr skugga um að gjaldskrár standi undir raunkostnaði þjónustunnar. Útsvarshlutfallið er pólitísk ákvörðun sem ég tek ekki afstöðu til hér, en til upplýsingar skilar hvert 0,1 prósentustig um 18 milljónum á ári.

Að lokum

Hveragerði er eftirsóttur bær og íbúum fjölgar ár frá ári. Staðan er alvarleg en viðráðanleg. Hún krefst þess að við hættum að gera áætlanir út frá því sem við vonum og förum að gera þær út frá því sem við vitum.

Þessi greining byggir eingöngu á opinberum gögnum. Bæjaryfirvöld hafa aðgang að sundurliðun launa, leigusamningunum og lánaskilmálunum og þar liggja raunverulegu tækifærin. Ég hvet sem flesta til að mæta á íbúafundinn 16. nóvember og spyrja.

Júlía Helgadóttir,
íbúi í Hveragerði
og fjármálastjóri



Heimavist við FSu

Í haust hófst skólaár í Fjölbrautaskóla Suðurlands án heimavistar. Nemendur sem koma um langan veg og stunda nám við FSu stóð ekkert búsetuúrræði til boða við skólann. Þetta þýddi langar daglegar ferðir, dýran leigumarkað eða annan skóla.



Sandra Sigurðardóttir

Þingmaður Viðreisnar – Suðurkjördæmi

Þetta hefur verið saga heimavistarinnar í áratug. Leigusamningur um heimavistina á Eyravegi rann út 2016. Síðan hafa nemendur búið í leiguherbergjum, meðal annars á gistiheimilum með ferðamönnum, á samningum sem framlengdir voru ár frá ári. Í svari mennta- og barnamálaráðherra á Alþingi síðasta vetur kom fram að eftirlitsaðilar hefðu gert formlegar athugasemdir við ástand húsnæðisins.

Sveitarfélögin á Suðurlandi, skólayfirvöld, foreldrar og ungmennaráð hafa ítrekað kallað eftir varanlegri lausn sem núna er loksins verið að bregðast við. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2027 er loksins sérstök heimild til að kaupa eða leigja húsnæði undir heimavist FSu. Með heimildinni getur ríkið gengið til samninga um húsnæði um leið og hentugur kostur finnst, í stað þess að málið strandi enn einu sinni.

Heimavist snýst um jöfn tækifæri fyrir ungmennin á Suðurlandi. FSu á að þjóna öllu Suðurlandi, ekki bara þeim sem búa í akstursfjarlægð.

Heimildin er fyrsta skrefið, ekki það síðasta. Nú þarf að nýta hana hratt, í góðu samstarfi við sveitarfélögin og skólann. Nemendurnir hafa beðið nógu lengi.

Jólasaga frá Selfossi

Jesúbarnið á Selfossi

Jólasaga sem gerist á Selfossi eftir Jón Aðalsteinn Bergsveinsson er væntanleg í bókabúðir. Jón ólst upp í Fossheiði og í Suðurenginu og hefur hann skrifað stutta jólasögu sem gerist á Selfossi í kringum 1980.

Aðfangadagsmorgun árið 1980 fara þrjú systkini út í fjárhúsið á bak við blokkina í Fossheiði 58 til að gefa ánum. Í hlöðunni bíða þeirra þrír ókunnugir menn í grænum skikkjum. Þeir segjast vera vitringar frá Austurlöndum og hafa farið á milli fjárhúsa í bænum í leit að Jesúbarninu. Þannig hefst Þegar Jesúbarnið kenndi okkur að brúna kartöflur.

Þremur árum síðar liggur fjölskyldan í pest á aðfangadag. Feðgarnir standa ráðalausir í eldhúsinu með hamborgarhrygginn í ofninum, en hvorugur kann að brúna kartöflur. Klukkan sjö um kvöldið hringir dyrabjallan.

Selfoss eins og bærinn var

Gamlir Selfyssingar kannast kannski við sig í jólasögunni: blokkirnar í Fossheiði, Kaupfélag Árnesinga, Sundhöllina, svarthvíta sjónvarpið, bíla á keðjum og jólakveðjurnar á einu útvarpsstöð landsins. Og Dagskráin kemur við sögu, þegar nafnlaus lesandi skrifar blaðinu bréf um sauðaþjófnað í bænum.

„Eins og flestar æskuminningar var jólastemningin á Selfossi hlý og góð. Minningarnar eru fullar af músastigagerð í Barnaskólanum, rjóma, leikritum og jólatónlist," segir Jón Aðalsteinn. „Ingunn Þóra, umsjónarkennarinn okkar, las fyrir okkur í kaffihléum, við krakkarnir byggðum snjóhús og renndum okkur niður eina hólinn í bænum. Mér fannst eitthvert álíka kósíretrókrydd vanta í jólastemninguna í dag og ákvað að búa það til í formi sögu."

Undanfarin tvö ár hefur hann skrifað stuttar og hlýlegar jólasögur sem hafa birst á sunnlenska.is með myndum Péturs Hrafns Valdimarssonar, sem er líka Selfyssingur.

Stutt bók fyrir annasama aðventu

Hugmyndin að því að gefa söguna út kviknaði þegar Jón Aðalsteinn heyrði Anne Carson, sem hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum í haust, segja að ljóð henti fólki vel af því að þau eru stutt og því gott að lesa þau í amstri dagsins. „Þá hugsaði ég að það væri gaman að gefa út stutta jólasögu. Hún er svo stutt að það er hægt að lesa hana á meðan sósan hitnar á hellunni eða á meðan þvottavélin er í vindingu. Af hverju að lesa langa og leiðinlega bók þegar hægt er að lesa stutta og skemmtilega?"



Bókin er líklega fyrsta jólasagan sem gerist á Selfossi. Hún er ætluð ungmennum og fullorðnum, og það má vel lesa hana fyrir börnin. Aftast í bókinni er uppskrift mömmu að brúnuðum kartöflum, svo enginn þurfi að standa ráðalaus í eldhúsinu á aðfangadag.

Jólakveðja til brottfluttra Selfyssinga

Bókin hentar vel í skóinn, í jólavinaleikinn og sem jólakveðja til vina og ættingja sem fluttu burt frá Selfossi. Hún kemur út fyrir jól og fæst í Bókakaffinu á Selfossi og í Reykjavík, í verslunum Pennans Eymundsson og á jolagledi.netlify.app, þar sem líka er hægt að fá hana senda heim.

Brot úr sögunni: Sauðaþjófnaður á Selfossi?

Þetta haust hafði stærðfræðin eitthvað flækst fyrir besta fólki. Hausatalning benti til að fé vantaði í hús. Erum við að tala um sauðaþjófnað hér? Á Selfossi af öllum stöðum? Hægan nú! Þetta var ekki Reykjavík þar sem húsdýrum var stolið á næstum hverju götuhorni. Eftir því sem leið á haustið fór fé að hverfa hvert á fætur öðru í ýmsum bæjarhlutum, gimbur úr Vallholti, fjögurra vetra hrútur af Kirkjuveginum og stöku lamb úr Ártúni. Þetta gekk auðvitað ekki. Dagskráin birti fréttir af málinu í hverri viku. Lesendur sendu inn bréf til að tjá sig um þennan hræðilega ósóma, að stela sauðum fólks. Fólk hafi ekki séð slíkt ódæði í langan tíma. Síðast hefði líklega sést til sauðaþjófa í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.



Jón Aðalsteinn Bergsveinsson. Mynd: Aðsend.

Þarna undir lok árs 1980 sendi nafnlaus lesandi á Selfossi bréf í Dagskránna, þar sem hann sagði frá því að hann hefði heyrt af því að þrír menn hefðu sést á vappi í bænum síðustu vikur. […] Engin deili vissi hann á þessum mönnum. Hann vissi ekki hjá hverjum þeir störfuðu eða á vegum hverra þeir gætu verið þarna á vappi – nema ef vera kynni Votta eða Aðventista. Þeir hefðu verið svoleiðis á sig komnir. Trúarlegt yfirbragð á þeim. Ekki var vitað hvar þeir gistu eða hvort þeir þrifu sig almennilega því engar vísbendingar voru um að þeir hefðu sést í Sundhöll Selfoss.

Þetta haust afréðu sumir fjárhúsaeigendur að læsa hjá sér.

Slóð á forsölu bókarinnar: https://jolagledi.netlify.app/



Höfundurinn við jólaskraut á Selfossi á 8. áratugnum. Mynd: Aðsend.

Flottur árangur hjá Berserkjum á Reykjavík Open

Glímumótið Reykjavík Open - Sub Only 4 fór fram þann 31. október síðastliðinn í húsakynnum Reykjavík MMA. Glímufélagið Berserkir átti þar fimm öfluga fulltrúa sem stóðu sig með stakri prýði.

Þau Ingvar Freyr Símonarson og Hekla Dögg Ásmundsdóttir nældu sér bæði í bronsverðlaun í sínum flokkum. Árangur Ingvars er sérstaklega eftirtektarverður þar sem þetta var hans fyrsta mót, en hann vann allar sínar glímur með uppgjafartaki fyrir utan tap í undanúrslitum.

Fannar Júlíusson hafnaði í fjórða sæti í feikisterkum flokki og sýndi miklar framfarir í glímunni hjá sér. Þá enduðu þeir Daniel Sigurðsson og Þröstur Valsson báðir í fimmta sæti eftir harða keppni.

Úrslit Berserkja á mótinu:
Ingvar Freyr Símonarson:
3. sæti (-2 ár, +85 kg)
Hekla Dögg Ásmundsdóttir:
3. sæti (+2 ár, +65 kg)
Fannar Júlíusson:
4. sæti (+2 ár, -85 kg)
Daníel Sigurðsson:
5. sæti (+2 ár, -75 kg)
Þröstur Valsson:
5. sæti (+2 ár, +85 kg)





FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Steinþór Múrari
Flísalögn og múrverk
S: 698-7271
steinthormurari

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

FÉLAGSSTÖRF

FELAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn
12. nóv. kl. 13:00-14:30

Ekkert opið hús í dag

ÁRSHÁTÍÐ FEB SELFOSS
Fim. 12. nóv. kl. 18:15
Hótel Selfoss
Húsið opnar kl. 18:15

OPIÐ HÚS
Fim. 19. nóv. kl. 14:30-16:00

VELFERÐ BARNA Á SUÐURLANDI
Arna Ír Gunnarsdóttir fjallar um.

HEILSA

Heilsa
Augnlestur, heilsuráðgjöf, svæðanudd og dáleiðsla. Heilsulindinni í Miðgarði.

Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir fjölskyldur, vinnustaði og litla hópa í heimahúsum.

Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

ÓSKAST

Óska eftir dráttarvél

Óska eftir Zetor dráttarvél 5211 (árg. ´88-´94) eða sambærilega vél. Vinsamlegast hafið samband í síma 856 1821 (Þráinn).

ÞJÓNUSTA

Ertu að fara til útlanda ?
Vantar þig skutl til eða frá Keflavíkurflugvelli ?

Skutlum og sækjum einstaklinga og litla hópa frá Suðurlandi til Keflavíkurflugavallar.

Hafið samband í síma 7700034 eða sendið póst á info@privateguide.is
Norðurslóðir
Ferðaskrifstofa ehf.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messað verður í Selfosskirkju sunnudaginn 15. nóvember kl. 11.
Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Ester Ólafsdóttir leikur á orgelið og kór Selfosskirkju leiðir safnaðarsönginn. Verið hjartanlega velkomin.

Hrunakirkja
Guðsþjónusta á næstsíðasta degi kirkjuársins 15. nóvember kl. 11. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Verið öll velkomin!

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónusta á næstsíðasta degi kirkjuársins 15. nóvember kl. 13. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Verið öll velkomin!

Hveragerðiskirkja
Sunnudaginn 15. nóvember kl. 11. Fjölskylduguðsþjónusta í Hveragerðiskirkju. Barnakór kirkjunnar syngur undir stjórn Unnar Birnu Björnsdóttur. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

Kotstrandarkirkja
Sunnudaginn 15. nóvember kl. 20. Kvöldguðsþjónusta í Kotstrandarkirkju.
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay.
Séra Axel Árnason Njarðvík þjónar fyrir altari.

Framtíð Suðurlands byrjar hjá unga fólkinu

Ég er rótgróinn Rangæingur og stoltur Sunnlendingur. Þó ég búi á Hellu þá sæki ég vinnu víða um Suðurlandið. Ég starfa í félagsmiðstöðinni á Hvolsvelli auk þess sem ég starfa hér á Selfossi í þjónustu við fatlað fólk. Ég hef starfað á Selfossi og í kringum Árborgarsvæðið í rúm 3 ár, við fjölbreytt störf, og á þeim tíma fengið að kynnast samfélaginu nokkuð vel.

Atvinnulífið hér blómstrar, líkt og flest ykkar eflaust vita, þá er mikið úrval af fjölbreyttum störfum. Atvinnutækifærum hefur fjölgað frá því ég var að alast upp og það er virkilega jákvæð þróun. Það skapar fleiri möguleika fyrir ungt fólk til að byggja upp framtíð á svæðinu. Það er þó alltaf rými fyrir bætingar í þessum málaflokki þegar samfélagið þróast á þeim hraða sem við sjáum í dag.

Á Selfossi er boðið upp á fjölbreytta þjónustu og það er líklega ekki til sá Sunnlendingur sem kannast ekki við það að þurfa að skreppa á Selfoss öðru hvoru! Þjónustustigið hér er hátt, bæði fyrir íbúa Árborgar og aðra Sunnlendinga, og fer sífellt vaxandi. Uppbyggingin er mikil og það er virkilega gaman að sjá svæðið taka breytingum. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá ungt fólk kaupa sína fyrstu eign og festa rætur hér.

En þegar við tölum um framtíð Suðurlands þá finnst mér mikilvægt að við horfum ekki bara á fjölda íbúa, nýbyggingar eða fjölda starfa. Við þurfum líka að spyrja okkur: Hvernig samfélag erum við að byggja upp og fyrir hverja?

Í ljósi umræðunnar undanfarið langar mig sérstaklega að ræða menntamál ungs fólks.

Sjálf hef ég verið svo heppin að geta sótt stóran hluta af mínu námi hér á Suðurlandi. Eftir að hafa lokið grunnskólagöngu árið 2017 valdi ég að fara í Menntaskólann að Laugarvatni. Það val byggðist ekki bara á því hversu frábær mér finnst sá skóli vera, heldur hafði staðan á heimavistinni við FSu líka áhrif á ákvörðunina mína.

Ég hafði lítið bakland á Selfossi, vildi alls ekki fara á leigumarkaðinn aðeins 16 ára gömul auk þess sem það voru alltof fáar strætóferðir í boði. Samgöngurnar hafa lítið breyst síðan þá sem og staða heimavistarinnar.

Þetta er eitthvað sem ég held að mörg ungmenni á landsbyggðinni geti tengt við. Það getur verið flókið að sækja nám, tómstundir eða jafnvel vinnu



Rebekka Rut Leifsdóttir Söring. Mynd: Aðsend.

þegar maður kemur langt að - þetta á ekki bara við um framhaldsskólana.

Eftir að framhaldsskólanámi lýkur sækir stór hluti ungs fólks sér háskólamenntun. Þar tel ég að við eigum enn mikið sóknarfæri. Það væri hægt að bæta verulega úr framboði á fjarnámi og skapa þannig tækifæri fyrir fólk til að mennta sig óháð búsetu. Ég held að það séu mikil tækifæri fólgin í því að gera fólki auðveldara að stunda fjarnám og nýta þá möguleika sem tæknin býður upp á í dag.

Það er alltof algengt að ungt fólk þurfi að flytja til að sækja sér háskólamenntun, jafnvel þótt það hefði helst viljað vera áfram í heimabyggð. Og þegar fólk flytur í burtu er ekki sjálfgefið að það snúi aftur að námi loknu. Þarna held ég að við séum að missa af miklum tækifærum.

Mig langar þó að taka fram að aðgengi að námsrýmum og próftökustöðum á Suðurlandi er til fyrirmyndar og mikilvægt að halda áfram að byggja á þeim góða grunni.

Að mínu mati hefur Selfoss og Árborgarsvæðið upp á margt að bjóða fyrir ungt fólk. Hér eru fjölbreytt störf, góð þjónusta, félagslíf og sífellt fleiri möguleikar. En það sem skiptir kannski mestu máli er að við höldum áfram að skapa samfélag þar sem ungt fólk sér tækifæri til framtíðar.

Að lokum langar mig að minna ykkur öll á mikilvægi þess að hlúa að unga fólkinu í samfélaginu, þar sem samfélög án barna og ungs fólks á sér enga framtíð. Höldum áfram að búa til frábært samfélag þar sem ungt fólk vill snúa aftur.

Rebekka Rut Leifsdóttir Söring, rödd yngri kynslóðarinnar á málþinginu Selfoss og Suðurland, hvert stefnir?

Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 19. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu okkar. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum og af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!

Verslum í heimabyggð!

Motivo VERZLUN

GARN OG KOSY
Eyravegur 15, 800 Selfoss

Bókakaffið Selfossi

Freistingagyðjan

A4

galleri OZONE
Austurvegi 35
Selfossi

Sjafnarblóm

SIIAY
SNYRTIVÖRUVERSLUN

JYSK

PYLSUVAGNINN
SELFOSSI

ILVA

Litla garðbúðin
Austurvegi 21

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2878 Fimmtudagur 12. nóvember 2026

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN PALL
899 0979 ÖRN
848 0964 GÍSLI
WWW.SOLPALLUR.IS
SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

LAGNALAND

ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VERKSÝN
Vel og vandlega
• ÁSTANDSSKOÐANIR
• FRAMKVÆMDAEFTIRLIT
• INNIVIST
• BETRI YFIRSÝN
• MINNI ÓVISSA
Verksyn.is • verksyn@verksyn.is
Þorlákshöfn • Reykjavík

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
DÆLUBÍLAÞJÓNUSTA OG STÍFLULOSANIR

510 1180 - 669 8441
Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is


Píplagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LÁTTU FAGMENN SJÁ UM VERKIÐ ÞITT
S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.
800SMIDI@GMAIL.COM
FÁÐU FRÍTT VERÐTILBOÐ Í ÞITT VERK

Lagnaþjónustan ehf
Píplagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími


Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf
okuland.is
ÖKULAND

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is